

RÍKISENDURSKOÐUN

Raunvísindastofnun Háskólans

Endurskoðun 2020

Endurskoðunarskýrsla

Desember 2021

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Raunvísindastofnunar Háskólans fyrir árið 2020.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.


Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyriræli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Raunvísindastofnunar Háskólans var síðast endurskoðaður 2017 vegna ársins 2016.


Efnisyfirlit

1	Inngangur	2	8	Endurskoðun rekstrarliða	15
1	Lykiltölur úr rekstri ársins 2020	4	8.1	Rekstrartekjur	15
2	Ábendingar og athugasemdir	5	8.2	Rekstrarkostnaður	15
3	Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum	7	8.3	Niðurstöður	16
3.1	Viðbrögð Raunvísindastofnunar Háskólans	7	9	Endurskoðun efnahagsliða	17
4	Áhættumat og mikilvægi	9	9.1	Efnahagsreikningur	17
5	Fjárveiting og rekstur	10	9.2	Eignir	17
5.1	Fjárveitingar	10	9.3	Eigið fé og skuldir	19
5.2	Rekstraráætlun	11	9.4	Niðurstöður/ábendingar	20
5.3	Niðurstaða	11	10	Önnur atriði	22
6	Innra eftirlit	12	10.1	Ársreikningur og staðfestingarbréf	22
6.1	Inngangur	12	10.2	Óhæðisyfirlýsing	22
6.2	Umfjöllun	12			
6.3	Niðurstöður/ábendingar	12			
7	Fylgni við lög og reglur	14			
7.1	Inngangur	14			
7.2	Umfjöllun	14			
7.3	Niðurstöður	14			

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020



Eigið fé í lok árs



2 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi athugasemdum og ábendingum:

1

Innra eftirlit: Ríkisendurskoðun bendir á stofnunin hefur ekki lokið við gerð verkferla sem snúa að bókunum, samþykkt og greiðslu reikninga og einnig á eftir að ljúka verklagsreglum um stofnun, rekstur og lokun rannsóknareikninga. Mikilvægt er að hraða vinnu, innleiðingu og skráningu verklagsreglna.

2

Viðskiptakröfur: Ríkisendurskoðun gerir alvarlega athugasemd við fjölda óuppgerðra útistandandi krafna sem ná allt til ársins 2009. Fara þarf í að gera upp eldri kröfur með viðeigandi hætti í bókhaldi stofnunarinnar. Ítrekaðar eru fyrri athugasemdir um að eldri kröfur vegna ferðakostnaðar séu gerðar upp. Þá er nauðsynlegt að stemma stöðu í viðskiptamannabókhaldi (AR) við stöðu í fjárhagsbókhaldi (GL).

3

Viðskiptaskuldir: Ríkisendurskoðun bendir á að töluvert er um óuppgerðar skuldir í fjárhagsbókhaldi stofnunarinnar og er óskað eftir að úr því verði bætt og þær gerðar upp. Stemma þarf stöðu í viðskiptamannabókhaldi (AP) við stöðu í fjárhagsbókhaldi og jafna út innbyrðisfærslur.

4

Handbært fé: Gerð er athugasemd við að stofnunin skuli fara á svig við reglur sem gilda um sjóðsstýringu hjá ríkissjóði þar sem ekki er heimilt sbr. reglugerð nr. 822/2021 (áður reglur nr. 83/2000) að hafa meira en nemur 2% af upphæð fjárveitingar hverju sinni á bankareikningi. Raunvísindastofnun hefur því millifært fjármuni af bankareikningi á vörslureikninga yfir áramót.

5

Vörslureikningar: Gerð er athugasemd við meðferð vörslureikninga í bókhaldi Raunvísindastofnunar. Staða vörslureikninga var í tveimur tilvikum ekki í samræmi við stöðu í fjárhagsbókhaldi þar sem útreikningur og færsla gengismunar var ekki réttur. Fara þarf yfir hvort ekki sé hægt að loka bankareikningum þar sem verkefnum er lokið. Ekki er upplýst um stöðu vörslureikninga í skýringum með handbæru fé í reikningskilum stofnunarinnar.

3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

3.1 Viðbrögð Raunvísindastofnunar Háskólans

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Raunvísindastofnun Háskólans vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2020 í þessari skýrslu, sjá ábendingar og athugasemdir í kafla 2.

1 Innra eftirlit

„Árið 2021 var farið í vinnu við að hraða ferlinu við ritun og útgáfu verklagsreglna, sér í lagi þeim er snúa að innheimtu, bókhaldi og rekstri. Komið var með tillögu að forgangsröðun og markmiðum sem lögð var fyrir stjórn. Þá hefur starfsfólk hlotið þjálfun í notkun gæðakerfis og gæðahandbókar til að rita og gefa út verklagsreglur. Fulltrúar Raunvísindastofnunar eru því meðvitaðir um mikilvægi fyrstu athugasemdar sem fram kemur í drögunum að endurskoðunarskýrslunni og hafa gripið til aðgerða til að bæta þar úr. Lögð verður enn frekari áhersla á útgáfu og innleiðingu verklagsreglna í framhaldinu.“

2-3 Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir

„Fulltrúar Raunvísindastofnunar eru einnig meðvitaðir um viðskiptamannalístan sem inniheldur gamlar viðskiptakröfur sem og gamlar viðskiptaskuldir sem jafnvel ná aftur til ársins 2009. Unnið hefur verið í því að gera upp bæði kröfur og skuldir með viðeigandi hætti og var þetta atriði sett í forgang haustið 2021 með áherslu á að ljúka sem mestu fyrir ársuppgjör 2021. Sú staðreynd að Raunvísindastofnun tók við bókhaldinu af Fjársýslu ríkisins árið 2017 hefur torvelað þessa vinnu. Allar kröfur og skuldir sem að stofnaðar voru fyrir árið 2017 voru bókaðar hjá Fjársýslu

ríkisins og það hefur reynst erfitt í mörgum tilvikum að nálgast nauðsynleg gögn og upplýsingar svo hægt sé að gera upp með viðeigandi hætti. Lögð hefur verið áhersla á að eiga gott samtal við Fjársýsluna um þessi atriði og taka verður afstöðu til hvernig meðhöndla eigi eldri kröfur og skuldir svo hægt sé að gera upp.

Árið 2021 var farið í sérstakt átak til að gera upp gamlar kröfur vegna ferðakostnaðar og hafa þær flestar verið gerðar upp með örfáum undantekningum sem taka þarf ákvarðanir um. Bætt verklag við lokun og uppgjör á ferðum er í vinnslu til að koma í veg fyrir uppsöfnun á óuppgerðum kröfum og til að draga úr mistökum s.s. tvíbókunum. Raunvísindastofnun telur sig hafa leyst þetta atriði að mestu leyti.“

4 Handbært fé

„Að lokum mun Raunvísindastofnun hér eftir fylgja þeim reglum sem gilda um sjóðsstýringu hjá ríkissjóði og ekki hafa meira en sem nemur 2% af upphæð fjárveitingar á bankareikningum. Bankareikningar hafa hingað til verið notaðir til að taka á móti tekjum og til að greiða skuldir. Hér eftir verða þær tekjur sem ekki á að gjaldfæra innan ákveðins tíma færðar vörslureikning uns þær eru nýttar til reksturs.“

5 Vörslureikningar

„Þá verða vörslureikningar yfirfarnir og þess gætt að staða vörslureikninga sé í samræmi við stöðu í fjárhagsbókhaldi. Bent er á að

árið 2021 var farið í áttak til að fækka fjölda bankareikninga hjá stofnuninni og er búið að loka öllum þeim vörslureikningum þar sem það var unnt. Þeir vörslureikningar sem eftir eru tengjast starfsemi og verkefnum sem eru ólokin. Upplýsingar um þá vörslureikninga verða framvegis í skýringum með handbæru fé í ársreikningum stofnunarinnar.“

4 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Raunvísindastofnunar Háskólans eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Raunvísindastofnun Háskólans sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 35 milljónir króna. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan

lesenda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemda og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

5 Fjárveiting og rekstur

5.1 Fjárveitingar

5.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til Raunvísindastofnunar Háskólans vegna rekstrar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 nam 1.504,4 m.kr. Þar var gert ráð fyrir 930,8 m.kr. rekstrartekjum og 574,1 m.kr. beinu framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar fékk stofnunin millifært af fjárlagalið 02-298 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi 5,0 m.kr. vegna Covid-19 og framlag vegna afskrifta nam 104,4 m.kr. Í fjárukalögum var framlag lækkað um 2,5 m.kr. þannig að rekstrartekjur voru lækkaðar um 4,3 m.kr. og framlag vegna launa um 6,8 m.kr. Endanleg fjárveiting til Raunvísindastofnunar nam því 1.607,5 m.kr., 926,5 m.kr. fjármagnaðar með rekstrartekjum og 681 m.kr. með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2020

Í þús. kr.	Fjárveiting 2020	Rekstur 2020	Frávik 2020	Rekstur 2019
Rekstrartekjur	-926.500	-1.075.753	149.253	-1.100.339
Launagjöld	1.017.500	1.126.742	-109.242	1.087.475
Önnur rekstrargjöld	480.800	477.699	3.101	513.401
Afskriftir	104.424	104.424	0	91.078
Rekstrartilfærslur	4.800	44.554	-39.754	52.221
Samtals	681.024	677.665	3.358	643.837

Afkoma ársins hjá Raunvísindastofnun var jákvæð um 3,4 m.kr. á árinu en rekstrartekjur voru hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Launagjöld og rekstrartilfærslur voru einnig hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða ársins var 33,9 m.kr. hærri en á fyrra ári.

5.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Raunvísindastofnun Háskólans fékk 44,5 m.kr. fjárveitingu til fjárfestingar eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2020. Auk þess fékk stofnunin 3,4 m.kr. fjárfestingarframlag úr Innviðasjóði vegna kaupa á fjölrófsgæisla. Eignakaup stofnunarinnar námu 262,1 m.kr. á árinu 2020 sem er nokkuð umfram fjárfestingarheimildir ársins. Staða fjárfestingarframlags var jákvæð í upphafi árs um 130,1 m.kr. en að teknu

tilliti til eignakaup ársins 2020 var staða fjárfestingarframlags í árslok neikvæð um 84,1 m.kr.

5.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 2020 og var hún færð inn í Orra. Samkvæmt upplýsingum Raunvísindastofnunar er stjórn upplýst mánaðarlega um fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

5.3 Niðurstaða

Á árinu var 3,4 m.kr. rekstrarafgangur hjá Raunvísindastofnun Háskólans. Uppsafnaður höfuðstóll var 21,1 m.kr. í lok árs 2020 en staða fjárfestingarframlags var neikvæð um 84,1 m.kr. í árslok. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins (Orra).

6 Innra eftirlit

6.1 Inngangur

Framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar Háskólans ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

6.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti Raunvísindastofnunar voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla og reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Skipurit er til fyrir stofnunina. Skráðar verklagsreglur eru til um innkaup, innkaupakort, ferðauppgjör, millifærslur og leiðréttingar, skráning og uppgjör rafrænna reikninga. Verið er að vinna að verklagsreglum sem snúa að fleiri atriðum í fjárhagsbókhaldi stofnunarinnar svo sem um stofnun, rekstur og lokun rannsóknarreikninga. Verkferlar eru til staðar vegna launvinnslu og nota fastráðnir starfsmenn stoðþjónustu og tæknifólk Vinnustund. Ríkisendurskoðun bendir á að hjá stofnuninni vantar verferla er snúa að bókun, samþykkt og greiðslu reikninga með skýrt afmörkuðu ábyrgðasviði.

Stofnunin er að miklu leyti rekin með rannsóknarstyrkjum frá innlendum og erlendum aðilum. Styrkirnir eru lagðir inn á vörslufjárreikninga og fært af þeim þegar kostnaður fellur til eftir atvikum. Vörslufjárreikningar eru ekki hluti af ársreikningi stofnunar og er þeirra ekki getið í skýringum um handbært fé í reikningsskilum Raunvísindastofnunar fyrir árið 2020.

Verklagsreglur um vörslureikninga eru ekki til hjá stofnun en verklagsreglur um stofnun, rekstur og lokun rannsóknarreikninga eru á áætlun. Ríkisendurskoðun bendir á að mikilvægt er að hraða þeirri vinnu.

Niðurstaða rekstrar er reglulega borin saman við rekstraráætlun og staða bankareikninga er afstemmd mánaðarlega.

Við skoðun á aðgangsheimildum í Orra kom í ljós að starfsmenn eru með víðtækan aðgang í fjárhagskerfum, Ríkisendurskoðun bendir á að æskilegt væri að stofnunin færi yfir alla aðganga og tæki afstöðu til hvaða aðgangar væru nauðsynlegir m.t.t. starfa viðkomandi. Einnig bendir Ríkisendurskoðun stofnuninni á að fara með sama hætti yfir aðgangsmál bankareikninga Raunvísindastofnunar og loka óviðeigandi aðgangi m.a. almennum aðgangi á kennitölu Raunvísindastofnunar.

Bókhald Raunvísindastofnunar er fært hjá stofnuninni. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað við vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Viðveruakerfið Vinnustund er notað fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna. Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi ORRA.

6.3 Niðurstöður/ábendingar

Fjölmarginir þættir eru til staða hjá Raunvísindastofnun Háskólans sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi fjármál stofnunarinnar. Eftirfarandi ábendingar / athugasemdir eru gerðar um innra eftirlit.

Ríkisendurskoðun bendir á stofnunin hefur ekki lokið við gerð verkferla sem snúa að bókunum, samþykkt og greiðslu reikninga og á einnig eftir að ljúka verklagsreglum um stofnun, rekstur og lokun rannsóknareikninga. Mikilvægt er að hraða vinnu, innleiðingu og skráningu verklagsreglna.

Ríkisendurskoðun bendir á að mikilvægt er að stofnunin fari yfir aðgangsheimildir í banka og Orra og meti hverjir þurfa þessa aðgang m.t.t. starfa þeirra og hversu víðtækir aðgangar þurfa að vera.

7 Fylgni við lög og reglur

7.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 5.

7.2 Umfjöllun

Ferðakostnaður

Minna var um ferðir erlendis á árinu 2020 en fyrri ár vegna Covid-19. Stofnunin notar ferðareikningakerfi Orra vegna erlends ferðakostaðar. Samkvæmt úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu, bókun og samþykkt vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt á árinu 2020. Hins vegar er nokkuð um af ferðareikningar vegna fyrri ára séu óuppgerðir, sjá nánar kafla 9 endurskoðun efnahagsliða.

Risna

Reikningar vegna risnu ársins 2020 voru skoðaðir. Risnureikningar í úrtaki voru samþykktir af forstöðumanni og upplýsingar um tilefni risnu var skráð á reikninga eða í fylgigögn með reikningum.

Opinber innkaup

Verklagsreglur um innkaup fyrir Raunvísindastofnun eru til staðar. Stofnun nýtir sér þjónustu Ríkiskaupa þar sem það á við.

Innkaupakort

Raunvísindastofnun nýtir sér innkaupakort og gilda reglur um notkun þeirra. Innkaupakort stofnunar eru sjö og eru notuð af eftirfarandi einingum: skrifstofu, Jarðvísindastofnun, Eðlisvísindastofnun, Efnafræðistofu og Norrænu Eldfjallamiðstöðinni. Samkvæmt upplýsingum stofnunar eru innkaupakort einkum notuð til að greiða fyrir erlenda reikninga og ferðakostnað. Við endurskoðun rekstrargjalda stofnunar var notkun innkaupakorta skoðuð án athugasemda.

Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK á kaupum þjónustu í lok árs 2020 er greidd fyrri hluta árs 2021. Óuppgerða stöðu í árslok 2020 á innskattsreikning stofnunarinnar þarf að gera upp.

7.3 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en Raunvísindastofnun Háskóla Íslands fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald en vísað er í athugasemdir í kafla 9 varðandi óuppgerðar kröfur þar með talið ferðareikninga frá fyrri árum.

8 Endurskoðun rekstrarliða

Niðurstaða rekstrarreiknings árið 2020 að meðtöldu framlagi ríkissjóðs er að rekstrartekjur námu 1.752,8 m.kr., rekstrargjöld námu 1.753 m.kr., fjármunatekjur námu 3,5 m.kr og nam rekstrarafgangur ársins 3,4 m.kr. sem bætist við höfuðstól.

8.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Raunvísindastofnunar árið 2020 námu 1.752,8 m.kr. samanborið við 1.759,9 m.kr. árið áður eða lækkun um 7,1 m.kr. á milli ára. Rekstrartekjur skiptast þannig að fjárveiting nam 576,6 m.kr., tekjufærsla frestaðra tekna nam 104,4 m.kr., framlög frá ríkisaðilum í A-hluta námu 766,5 m.kr., framlög frá öðrum aðilum nam 225,7 m.kr., kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu nam 59,7 m.kr., seld þjónusta nam 18,6 m.kr. og aðrar tekjur námu 1,2 m.kr.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum, úrtaki og skoðun samninga og fylgiskjala. Við endurskoðun kom í ljós að útgáfa tekjureiknings var ekki í samræmi við ákvæði samnings í einu tilviki. Þar hafði ekki verið farið eftir ákvæði samnings um launavísitölbreytingar vegna veittrar þjónustu en samningurinn er frá árinu 2016. Á tímabilinu mars 2016 til janúar 2020 hefur launavísitala hækkað um 24%. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda stafaði þessi yfirsjón vegna starfsmannaskipta þar sem nýjum starfsmanni var ekki kunnugt um viðeigandi ákvæði samnings. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við innheimtu þessarar tekna þar sem vantar upp á nákvæmni við gerð reikninga og eftirlit með útgáfu reikninga. Ríkisendurskoðun bendir á að í verlagsreglum þarf að koma fram ábyrgð, verklag og verkaskipting. Einnig er mikilvægt að tryggt sé að haldið sé utan

um tekjuskráninguna þannig að tryggt sé að allar tekjur skili sér í bókhald stofnunar.

8.2 Rekstrarkostnaður

Rekstrargjöld Raunvísindastofnunar árið 2020 námu 1.753,0 m.kr. samanborið við 1.741,2 m.kr árið áður eða aukning um 11,8 m.kr. á milli ára.

Launakostnaður

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður nam 1.126,7 m.kr. á árinu 2020 en voru 1.087,5 árið áður eða aukning um 39,3 m.kr. Ársverk hjá Raunvísindastofnun fyrir árið 2020 voru 131 en voru 129 árið 2019. Að teknu tilliti til fjölgunar árverka nam hækkun launakostnaðar 2,3% milli ára.

Við endurskoðun var m.a. tekið úrtak af starfsmannalista og gögn til staðfestingar launagreiðslna skoðuð og borin saman við útborguð laun. Í nokkrum tilfellum þar sem um var að ræða starfsmenn með langan starfsaldur hjá stofnuninni lágu ekki fyrir staðfestingar á breytingum launaflokka. Ríkisendurskoðun bendir stofnuninni á að skjala launabreytingar þannig að staðfesting útborgunar launa sé í samræmi við staðfest skjöl í ráðningarsögu viðkomandi starfsmanna.

Endurskoðun launagjalda fór fram með fyrirspurnum, greiningum, úrtakskoðun á ráðningasamninga og staðfestingu á útborguðum launum. Endurskoðun launagjalda er án athugasemda en bent er á að skjölun á staðfestingu útborgunar launa þarf að færa til betra horfs.

Önnur rekstrargjöld

Framlög og tilfærslur námu 44,6 m.kr. árið 2020 samanborið við 52,2 m.kr. árið áður eða lækkun um 7,6 m.kr. á milli ára. Framlög til annarra ríkisstofnana í A-hluta námu 9,8 m.kr. og 34,8 m.kr. voru framfærslustyrkir til nema sem unnu að rannsóknum. Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

Annar rekstrararkostnaður nam 477,3 m.kr. árið 2020 en var 510,4 m.kr. árið áður eða minnkun um 33,1 m.kr. Helstu kostnaðarliðir voru almennur rekstrarkostnaður 67,8 m.kr., vörur til rannsókna 74,7 m.kr., funda, ferða og sérfræðikostnaður 110,8 m.kr., kostnaðarhlutdeild í sameiginlegum þjónustum 110,9 m.kr., ýmis annar kostnaður 113,0 m.kr.

Afskriftir ársins 2020 námu 104,4 m.kr.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur námu 3,5 m.kr. árið 2020. Vaxtatekjur námu 2,2 m.kr., arðsgreiðslur frá Internet á Íslandi hf. námu 1,7 m.kr. og vaxtagjöld voru 0,4 m.kr.

8.3 Niðurstöður

Eftirfarandi ábendingar / athugasemdir eru gerðar vegna rekstrarliða.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við innheimtu tekna og bendir á mikilvægi skýrra verklagsreglna.

Ríkisendurskoðun bendir á stofnun á skjala launabreytingar þannig að staðfesting útborgunar launa sé í samræmi við staðfest skjöl í ráðningasögu viðkomandi starfsmanna.

9 Endurskoðun efnahagsliða

9.1 Efnahagsreikningur

Í árslok 2020 námu eignir 831,3 m.kr., skuldir námu 810,2 m.kr. og höfuðstóll var 21,1 m.kr.

9.2 Eignir

Eignfærsla fastafjármuna hefur verið gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF).

Fastafjármunir

Fastafjármunir í árslok 2020 námu 493,1 m.kr. samanborið við 335,4 m.kr. í árslok 2019 eða aukning um 157,7 m.kr. milli ára. Fastafjármunir samanstanda af áhöldum, tæki og búnaði sem nema 428,9 m.kr. þar er að stærstum hluta um að ræða rannsóknar og mælitæki, farartæki og vélar 51,4 m.kr. og verk í vinnslu 12,6 m.kr. Eignir eru skráðar í eignaskrákerfi Orra (FA). Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna.

Eignarhluti í öðrum félögum nam 0,2 m.kr. en um er að ræða eignarhluti í Internet á Íslandi hf. og SagaMedica-Heilsujurtir ehf. Eignarhlutir eru metnir á nafnverði.

Veltufjármunir

Veltufjármunir í árslok 2020 námu 338,2 m.kr. samanborið við 511,7 m.kr. í árslok 2019. Veltufjármunir samanstanda af viðskiptakröfum 62,4 m.kr., kröfum vegna tengdra aðila 173,6 m.kr., öðrum kröfum 19,3 m.kr. og handbæru fé 82,9 m.kr.

Kröfur vegna tengdra aðila samanstanda af 57,7 m.kr. vegna orlofsskuldbindinga, 59,8 m.kr. við aðra ríkisaðila í A-hluta og staða við ríkissjóð 56,2 m.kr., Krafa á ríkissjóð vegna orlofsskuldbindinga í árslok 2020 að fjárhæð 59,8 m.kr. var færð á árinu 2017 sem áfallin skuldbinding í upphafi þess árs samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

Við endurskoðun kom í ljós að töluvert er um útstandandi kröfur í fjárhagsbókhaldi stofnunarinnar sem ekkert hafa hreyfst lengi. Teknar voru saman upplýsingar í töflu um óhreyfðar stöður á tegundalyklum 1211 til 1278 í fjárhagsbókhaldi (GL). Taflan er miðuð við stöðu útstandandi krafna 31.12 2020 þar sem engar hreyfingar hafa verið í langan tíma. Tekið var tillit til hreyfinga á árinu 2021. Í töflunni kemur fram að töluverður fjöldi krafna frá árinu 2020 og fyrr hefur ekkert hreyfst. Kröfurnar eru flokkaðar eftir því hvort um debet eða kredit stöðu er að ræða og eftir árum þ.e. hvenær síðasta bókunarfærsla var gerð í fjárhagsbókhaldi (GL).

Tafla 2: Útstandandi kröfur í fjárhagsbókhalda 31.12.2020 sem ekki hafa hreyfst fram að 1. nóvember 2021

Ár	Fjöldi krafna	Debet	Fjöldi krafna	Kredit
2009	1	275.877	0	0
2013	1	1.200.000	0	0
2015	4	591.358	0	0
2016	3	2.697.514	3	669.615
2017	22	3.873.271	3	3.357.940
2018	10	1.973.309	3	74.701
2019	30	3.214.066	6	286.719
2020	30	11.404.657	7	710.121
Samtals	101	25.230.052	22	5.099.096

Á árabílinu 2009 til 2020 er fjöldi ófrágenginna krafna með debet stöðu og enga hreyfingu eftir árslok 2020 samtals 101 að fjárhæð 25,2 m.kr. og kredit færslur eru samtals 22 að fjárhæð 5,1 m.kr. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við þetta og er óskað eftir að farið verði í að gera upp eldri kröfur með viðeigandi hætti í bókhaldi stofnunarinnar.

Við skoðun á uppgjöri ferðareikninga (tegundalykill 12164 í GL) kom í ljós að óuppgerðar stöður samanstóðu af 48 debet færslum að upphæð 4,8 m.kr. og 20 kredit færslum að upphæð 1,8 m.kr. Óuppgerðar stöður ná aftur til ársins 2015. Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á seinagang á uppgjöri og frágangi ferðakostnaðar. Samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins skal uppgjör greiðslna og bókun ferðakostnaðar fara fram innan 10 daga frá komudegi.

Mismunur er á stöðu útgefna reikninga í fjárhagsbókhalda (GL) og eftirstöðvalista í viðskiptamannabókhalda (AR). Eftirstöðvar útgefna

reikninga í AR í árslok 2020 nam 92,1 m.kr. en staða í fjárhagsbókhalda (GL) nam 90,5 m.kr. eða mismunur að fjárhæð 1,6 m.kr. Ekki liggur fyrir afstemming milli kerfishluta og óskað er eftir að úr því verði bætt.

Handbært fé

Staða handbærs fjár nam 82,9 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 311,8 m.kr. í lok síðasta árs. Raunvísindastofnun er með þrjá reikninga skráða í Landsbankanum vegna rekstrar en þar af er einn reikningur á núlli árslok 2020.

Ríkisendurskoðun sendi staðfestingabréf á fjóra banka þar sem beðið var um upplýsingar um bankareikninga í umsjón Raunvísindastofnunar og bærust svör frá öllum bönkum. Við samanburð á stöðu bankareikninga við stöðu í bókhaldi í árslok kom fram mismunur að fjárhæð 74,5 m.kr. Um var að ræða fjárhæð sem millifærð var af bankareikningi Raunvísindastofnunar í lok desember 2020 og færð á vörslureikning. Í upphafi árs 2021 var fjárhæðin færð aftur af vörslufjárreikningi inn á bankareikning Raunvísindastofnunar. Samkvæmt upplýsingum Raunvísindastofnunar skýrist þetta af því að Raunvísindastofnun er að stórum hluta fjármögnuð með rekstrartekjum. Inn á aðalbankareikning stofnunarinnar eru lagðar inn háar fjárhæðir vegna styrkja síðari hluta ársins. Þar sem ekki er heimilt skv. reglugerð nr. 822/2021, áður reglum nr. 83/2000, að hafa meira en sem nemur 2% af upphæð fjárveitingar hverju sinni á bankareikningi hefur sú leið verið farin að færa upphæðir vegna þessa á vörslureikninga yfir áramót. Eftir áramót eru fjárhæðir færðar aftur á bankareikning Raunvísindastofnunar. Gerð er athugasemd við að stofnunin skuli fara á svig við reglur sem gilda um sjóðstýringu hjá ríkissjóði.

9.3 Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Höfuðstóll Raunvísindastofnunar nam 21,1 m.kr. í árslok 2020 en var 17,7 m.kr. í árslok 2019. Breyting á höfuðstól er 3,4 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2020.

Staða fjárfestingaframlags í árslok 2020 var neikvætt um 84,1 m.kr.

Skuldir

Skuldir námu 810,2 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 829,4 m.kr. í árslok 2019.

Skuldir samanstanda af stöðu við tengda aðila 60,4 m.kr., viðskiptaskuldir 251,5 m.kr., ýmsar skammtímaskuldir 82,0 m.kr. og frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda 416,3 m.kr. Staða við tengda aðila er að stórum hluta vega viðskiptastöðu við Háskóla Íslands. Meðal viðskiptaskulda eru 182,5 m.kr. vegna ónotaðra styrkja í árslok 2020. Ýmsar skammtímaskuldir eru að stærstu leyti áfallin orlofsskuldbinding í árslok 2020 eða 72,0 m.kr.

Við endurskoðun óuppgerðra skulda voru óhreyfðar stöður á viðskiptalyklum í fjárhagsbókhalda skoðaðar í Orra og samantekin staða á tegundum 2211 til 2275 samkvæmt eftirfarandi samantekt í töflu 3 eftir árum.

Tafla 3 Óuppgerðar skuldir í fjárhagsbókhalda 31.12 2020 sem ekki hafa hreyfst fram að 1. nóvember 2021

Ár	Fjöldi skulda	Debet	Fjöldi skulda	Kredit
2016	9	384.103	1	17.400
2017	31	5.946.965	1	9.251
2018	7	461.762	3	149.765
2019	12	963.319	7	2.681.760
2020	15	3.069.049	11	9.971.873
Samtals	74	10.825.198	23	12.830.049

Frá árinu 2016 til loka árs 2020 eru óuppgerðar debet færslur 74 að upphæð 10,8 m.kr. og 23 kredit færslur að upphæð 12,8 m.kr. Framangreindar upplýsingar byggja á stöðu tegunda í GL. Að hluta til getur taflan því gefið misvísandi upplýsingar þar sem stöður í fjárhagsbókhalda sem koma úr viðskiptamannabókhalda (AP) hafa ekki verið jafnaðar á móti núll kennitölu.

Þegar borin var saman staða viðskiptaskulda í AP og GL var smávægilegur mismunur eða 650 kr. Stöður í kerfinu hafa ekki verið jafnaðar á móti núll kennitölu. Afstemming milli kerfishluta er ekki fyrirbyggjandi og er óskað eftir að slík afstemming sé gerð.

Vörslureikningar

Vörslureikningar eru færðir í bókhalda Raunvísindastofnunar. Samkvæmt ákvörðun Fjársýslu ríkisins eru vörslureikningar ekki hluti af reikningsskilum stofnana en þeirra getið í skýringum með handbæru fé. Í ársreikningi Raunvísindastofnunar fyrir árið 2020 hafa upplýsingar um vörslureikninga fallið út í skýringum með handbæru fé en vörslureikningar í umsjá

Raunvísindastofnunar námu 678,1 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 619,2 m.kr. í árslok 2019.

Ríkisendurskoðun sendi staðfestingabréf á fjóra banka þar sem beðið var um upplýsingar um bankareikninga í umsjón Raunvísindastofnunar og bárust svör frá öllum bönkum. Samkvæmt staðfestu yfirliti Landsbanka Íslands voru 56 reikningar skráðir hjá stofnuninni í lok árs 2020 og samkvæmt staðfestu yfirliti Arion banka voru 9 reikningar skráðir hjá stofnuninni í lok árs 2020.

Staðfestu yfirliti banka bar ekki saman við stöðu vörslureikninga í bókhaldi stofnunar. Við yfirferð einstakra bankareikninga kom í ljós að útreikningur og færsla gengismunar var ekki rétt færð í tveimur tilvikum. Í öðru tilvikinu var staða bankareiknings í erlendri mynt skráð neikvæð um 1.531.333 kr. í stað þess að staðan væri 693 kr. miðað við stöðu á bankareikningi. Í hinu tilvikinu var um óverulega skekkju að ræða.

Við skoðun vörslureikninga kom í ljós að á árinu 2020 voru nokkrir eldri bankareikningar hafa verið gerðir upp og lokað en þó er enn nokkuð um að bankareikningar hafi ekkert hreyfst að frátöldum færslum vegna vaxta og gengismunar. Í árslok 2020 voru skráðir 16 bankareikningar, samtals að fjárhæð 43,2 m.kr., sem lítið eða ekkert hafa hreyfst frá ársbyrjun 2017. Taka þarf þessa reikninga til frekari skoðunar og það kannað hvort ekki sé hægt að ganga frá þeim ef verkefnum er lokið.

9.4 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Ríkisendurskoðun gerir alvarlega athugasemd við fjölda óuppgerðra útistandandi krafna sem ná allt til ársins 2009. Fara þarf í að gera upp eldri kröfur með viðeigandi hætti í bókhaldi stofnunarinnar. Ítrekaðar eru fyrri athugasemdir um að eldri kröfur vegna ferða séu gerðar upp. Þá er nauðsynlegt að stemma stöðu í viðskiptamannabókhaldi (AR) við stöðu í fjárhagsbókhaldi (GL).

Gerð er athugasemd við að stofnunin skuli fara á svig við reglur sem gilda um sjóðsstýringu hjá ríkissjóði þar sem ekki er heimilt sbr. reglugerð nr. 822/2021 (áður reglur nr. 83/2000) að hafa meira en nemur 2% af upphæð fjárveitingar hverju sinni á bankareikningi. Raunvísindastofnun hefur því millifært fjármuni af bankareikningi á vörslureikninga yfir áramót.

Ríkisendurskoðun bendir á að töluvert er um óuppgerðar skuldir í fjárhagsbókhaldi stofnunarinnar og er óskað eftir að úr því verði bætt og þær gerðar upp. Stemma þarf stöðu í viðskiptamannabókhaldi (AP) við stöðu í fjárhagsbókhaldi og jafna út innbyrðisfærslur.

Staða vörslureikninga var í tveimur tilvikum ekki í samræmi við stöðu í fjárhagsbókhaldi þar sem útreikningur og færsla gengismunar var ekki réttur.

Í árslok 2020 eru 16 bankareikningar sem lítið eða ekkert hafa hreyfst frá ársbyrjun 2017. Taka þarf þessa reikninga til frekari skoðunar og kannað hvort ekki hægt sé að ganga frá uppgjöri vegna þeirra ef verkefnum er lokið.

Í skýringum með handbæru fé í ársreikningi Raunvísindastofnunar fyrir árið 2020 hafa upplýsingar um vörslureikninga fallið út í skýringum um handbært í reikningskilum stofnunarinnar.

10 Önnur atriði

10.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf

Framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar Háskólans undirritaði ársreikning stofnunarinnar 11. júní 2021 jafnframt var staðfestingarbréf stjórnenda vegna ársreiknings undirritað sama dag.

10.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Raunvísindastofnun.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is